

Útdráttur

Í verkefni þessu er fjallað um hvernig megi nota grenndarkennslu í leikskólanum Brekkubæ til að styrkja sjálfsvitund barnanna. Gerð er grein fyrir hvað í grenndarfræði felst og þeirri hugmyndafræði að hún sé nýtt til að efla og styrkja sjálfsvitund nemenda. Fjallað er um þrjár hornstoðir sjálfsvitundar, söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund og samspili þeirra. Þá er einnig skoðað hvernig hugtök grenndarfræðinnar og grenndarkennsla rúmast innan markmiða *Aðalnámskrár leikskóla*.

Gerð er grein fyrir hugmyndum nokkurra fræðimanna um nám og kennslu, þeirra Howard Gardner, John Dewey, Lev S. Vygotsky og Loris Malaguzzi og hvernig kenningar þeirra falla að hugmyndum grenndarfræðinnar. Allir leggja þeir áherslu á mikilvægi umhverfisins í námi barna og að börn komist í snertingu við náttúruna og nánasta umhverfi sitt. Það er á ábyrgð kennarans að útbúa umhverfið og námsefnið sem hæfir börnum og skemmtilegt að flétta hugmyndir þessara kennimanna saman þar sem það fellur vel að leikskólastarfi.

Í verkefninu er greint frá leikskólanum Brekkubæ á Vopnafirði og aðstæðum hans lýst að innan sem utan með tilliti til grenndarkennslu og hvernig fella má fjölbreytta möguleika að einstökum námssviðum *Aðalnámskrár leikskóla*. Að lokum eru kynntar hugmyndir að einstökum verkefnum fyrir leikskólabörn í grenndarkennslu sem tengjast heimabyggðinni og varðar sögu, menningu og umhverfi. Verkefnin eru ólík og snerta námssviðin sex er tilgreind eru í *Aðalnámskrá leikskóla*. Verkefnin eru mislöng og einfalt að heimfæra þau yfir á aðrar þjóðsögur, örnefni eða heimabyggð og ættu verkefnin því að geta komið fleirum leikskólakennurum að notum.

Abstract

The subject of this dissertation is how to use local studies as means to enhance children's self-awareness, in the preschool Brekkubær. We will explain the idea of local studies and how the ideology can be used to increase and strengthen the preschoolers' self-perception. We will discuss the three pillars of self-awareness, historical awareness, local awareness and environmental awareness, and how they interrelate. Furthermore we will confer how the ideology of local studies is permissible within *The National Curriculum for Preschools*.

A few scholars' view on learning and teaching will be conversed, including the ideas of Howard Gardner, John Dewey, Lev S. Vygotsky and Loris Malaguzzi, and how their theories correspond with the ideas of local studies. Each one of them emphasizes the importance of the environment in children's learning, and that children need to be able to get in touch with nature and their nearest environment. It is the teacher's responsibility to provide the settings and the teaching material that suits the children and it is interesting to entwine these scholars' theories for the reason that it agrees well with preschools.

In the dissertation, the preschool Brekkubær in Vopnafjörður is discussed, and its interior as well as exterior circumstance is described in regard to local studies and how to apply variety of possibilities to specific educational areas in *The National Curriculum for Preschools*. In the end we will introduce specific projects for preschoolers in local studies, which are connected with the local area and have to do with history, culture and environment. The projects are diverse and relate to the six main subjects in *The National Curriculum for Preschools*. The projects differ in length and it is simple to adapt them to other legends, place names or local areas, therefore the projects ought be practical for other preschool teachers.

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.